

598. fundur

Mánudaginn 22. febrúar 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari

1. Lögð var fram fundargerð 597, samþykkt.
2. Tekið var fyrir erindi frá Sölufélagi garðyrkjumanna, dags. 15. febrúar 2016 þar sem óskað var eftir opnun á tollkvóta vegna skorts og/eða fyrirsjáanlegs skorts á hvítkáli þar sem framboð teldist ekki vera nægjanlegt. Rætt var um erindið og lögð fram svör frá framleiðendum og dreifingaraðilum þar sem kom fram að skortur væri á hvítkáli frá innlendum framleiðendum. Var ákveðið að senda eftirfarandi drög að reglugerð til umsagnar:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu að (2.) breytingu á reglugerð nr. 1218/2015 um opnun á tollkvóta á hvítkáli sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magn­tollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	29.02.-30.06.16	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á hvítkáli. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

3. Framhald var á umræðum vegna erindis Íslenskra matvara ehf., dags. 1. febrúar 2016 um skort og/eða fyrirsjáanlegan skort á nautakjöti aðallega lundum, hrygg- og lærvöðvum. Sendur var tölvupóstur til framleiðenda og dreifingaraðila til að kanna stöðu markaðarins. Farið var yfir innsend svör og ákveðið að afla skuli frekari upplýsinga í byrjun mars áður en endanleg ákvörðun verði tekin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.